

Að byrja í grunnskóla

Samstarf leikskólana í hverfinu miðar að því að auðvelda börnum flutninginn af einu skólastigi yfir á annað. Elstu börnin í leikskólanum eru flest væntanlegir nemendur Breiðholtsskóla og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynna starfinu í grunnskólanum og aðstæðum. Verðandi nemendur í 1. bekk koma í heimsókn áður en formleg skólaganga hefst og eru þær heimsóknir samstarfsverkefni leik- og grunnskóla.

Í maí er væntanlegum nemendum boðið í heimsókn og þeir taka þátt í frímínútum og nesti. Formlegir vorskóladagar eru 19. og 20. maí og eru þeir skipulagðir í samstarfi við leikskólana.

Foreldrar barna í verðandi 1. bekk eru boðaðir sérstaklega í viðtöl í upphafi skólaárs. Foreldrar fá tölvupóst og símtal í ágúst 2021. Barnið kemur með í viðtalið. Viðtölin fyrir skólaárið 2021-2022 fara fram föstudaginn 20. ágúst og mánudaginn 23. ágúst. Þar munu umsjónarkennarar afhenda skóladagatal, stundatöflur og veita allar nauðsynlegar upplýsingar, s.s. hvað nemendur þurfa að hafa meðferðis í skólann og hvernig skipulagi skólastarfsins er háttað. Skóli hjá 1. bekk hefst samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 24. ágúst. Nánari upplýsingar um skólastarfið má finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólans.

Hvað þarf að hafa meðferðis í skólann:

Skóladót: Nemandi fær öll skólagögn í skólanum.

Nesti: Barnið á að koma með hollt nesti; ávexti, grænmeti eða hollt brauð með hollu áleggi. Eingöngu má koma með vatn í brúsa. Nemendur taka nestisafganga með sér heim. Breiðholtsskóli er hnetufrír skóli.

Íþróttir og sund: Íþróttahús og sundlaug eru staðsett í skólanum. Yngstu nemendurnir fá fylgd í og úr sundi og íþróttum. Nemendur þurfa ekki að vera með sérstök íþróttaföt og mælt er með að nemendur séu berfættir eða í gripsokkum. Foreldrar eru hvattir til þess að senda börn sín í fatnaði sem auðvelt er að hreyfa sig í.

Fatnaður: Barnið verður að koma vel búið í skólann og klætt eftir veðri. Á hverjum degi er útivera. Mikilvægt er að hafa aukaföt s.s. sokka og buxur í töskunni og munið að merkja allan fatnað vel.

Hér má nálgast...

[Upplýsingar um skólamötuneyti \(skráning og uppsögn\)](#)

[Upplýsingar um frístundaheimili við skólann - Bakkasel](#)

[Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið > Starfsáætlun skólans.](#)

Upplýsingar um hvert foreldrar/forsjáraðilar barna með sérþarfir (fötun, þroskafrávik eða börn sem hafa átt við langvinn veikindi að stríða) geta leitað innan skólans. > Kolbrún Ósk Albertsdóttir er deildarstjóri stoðþjónustu > kolbrun.osk.albertsdottir@rvkskolar.is